

Frá Stjórn

Kæri félagi!

Stjórn Í.R.A. óskar þér gleðilegs nýs árs og vonar að á árinu 1994 verði mikið um að vera í loftinu, við heimasmíðar og annað sem radióamatörar gera sér til ánægju og fróðleiks.

Aðalfundur 1993

Aðalfundur Í.R.A. var haldinn þ. 26. september sl.en það var óvenju seint. Þessi aðalfundur var þó sögulegur fyrir fleira en að vera haldinn seint. Nýjar félagssamþykktir fyrir Í.R.A. voru samþykktar. Þessar samþykktir berast þér með þessu fréttabréfi og bið ég þig að kynna þér þær vel. Mikil undirbúningsvinna var innt af hendi við undirbúning félagssamþykktanna og er það von

stjórnarinnar að félagið muni lengi búa að þeim og góð sátt verði um þær.

Á aðalfundinum var kosin stjórn félagsins. Hana skipa:

Sæmundur E. Þorsteinsson

TF3UA formaður.

Kjartan H. Bjarnason

TF3BJ varaformaður.

Gísli Ófeigsson

TF3US ritari.

Kristinn Andersen

TF3KX gjaldkeri.

Bjarni Sverrisson

TF3GB spjaldskrárritari.

Kjörtímabil þessarar stjórnar er stutt, eða til næsta aðalfundar sem haldinn verður í febrúar.

Námskeið og próf

Það sem markverðast hefur verið í starfi félagsins síðan aðalfundur var haldinn er námskeið til A/T-prófs sem haldið var í október og nóvember sl. Óvenju mikil þátttaka var á þessu námskeiði, eða nærri 30 manns. Prófið var haldið 20. nóvember. Ekki stóðust allir en þeir sem féllu eru hér með hvattir til að reyna á ný. Stefnt er að því að halda annað próf í apríl mánuði nk. Þeir sem hafa hug á að spreyta sig í apríl eru beðnir að hafa samband við einhvern stjórnarmanna eða formann prófnefndar, TF3DX. Þeim sem stóðust prófið óskar stjórnin til hamingju og vonar að heyra þá sem oftast í loftinu og sjá þá í félagsheimilinu.

Radíó-bakterían, QTC o.fl.

Ánægjulegt er að sjá hve radíóáhuginn er að glæðast á ný meðal fólks. Nú hafa nærri 20 manns staðist T-próf á rúmu ári. Þetta er ekki eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Radíó bakterían hefur borist norður til Akureyrar þar sem nokkrir félagar eru önnum kafnir við prófundirbúning með dyggri aðstoð TF5BG. Einnig hefur heyrst um áhuga annars

staðar á landinu. Þetta er afar spennandi þróun og gefur mörg sóknarfæri fyrir amatöra framtíðarinnar. Flestir hinna nýju amatöra hafa T-leyfi en nokkrir hafa einnig staðist morse-hlutann. Flesta langar þó til að verða virkir á stuttbylgju og vilja því ná morse-prófi. Gaman væri að þeir létu heyra í sér sem vilja fara á morse-námskeið í vetur. Í.R.A. er nú að setja á fót fastar QTC sendingar m.a. til að hjálpa til við morse námið. QTC verður sent út á 3579 kHz. Tilraunasendingar byrja laugardaginn 15.janúar kl 18.30 og verða daglega þaðan í frá.

Félagatal

Með þessu fréttabréfi færðu félagatal Í.R.A. en það hefur ekki komið út um hríð. Vil ég biðja þig að athuga hvort upplýsingar um þig (og aðra) séu réttar í talinu, og koma breytingum til stjórnarmanna ef þörf er á.

Jóla- og nýársgjöf til Í.R.A.

Eins og mörgum er kunnugt er endurvarpinn Páll nú í góðu lagi og veitir amatörum á Reykjavíkursvæðinu góða

þjónustu. Hluti af tækjabúnaðinum var keyptur fyrir fé sem safnaðist í sérstakri söfnun meðal félagsmanna. Þetta gaf svo góða raun að nú er í gangi önnur söfnun. Markmið hennar er að kaupa handa félaginu fjögurra stanga Yagi greiðu fyrir 20, 15, og 10m ásamt rótor. Fyrir hendi er turn sem TF3SO lánaði félaginu og traustar undirstöður hans eru tilbúnar. Þegar hafa um 15 manns skrifað sig á lista til að ljá málinu lið. Listinn er í félagsheimilinu. Það er skoðun stjórnar félagsins að þessi leið sé heppilegri til að kaupa tækjabúnað en að láta félagssjóð bera kostnaðinn. Það myndi þýða hærri félagsgjöld og þar með erfiðara fyrir ýmsa félagsmenn að vera í félaginu.

Erlend samskipti

Í september var haldin ráðstefna IARU region 1 í Belgíu. Slíkar ráðstefnur eru haldnar á þriggja ára fresti. Á þeim eru teknar ákvarðanir um flesta hluti er varða notkun amatöra á tíðnisviðum sínum, t.d. hvaða bandhlutar skulu vera fyrir morse og ssb, hvar pakkaradío skal vera o.s.frv. Einnig reyna amatørar eftir megni

að gæta hagsmuna sinna í hverju landi og hafa áhrif til góðs á þeim ráðstefnum þar sem tíðnimálum heimsins er ráðið. IARU ráðstefnumar hafa það markmið að áhrif amatöra verði samleit en ekki sundurleit. Í.R.A. sendi sinn fulltrúa á ráðstefnuna í Belgíu, en það var IARU tengiliðurinn TF3KB. Hann fór einnig á fund norrænu félaganna NRAU í Kaupmannahöfn sem haldinn var til undirbúnings IARU fundinum. Þessi samskipti eru félaginu gagnleg og einnig leggja erlendu félögin mikið upp úr því að Í.R.A. taki þátt í slíkum fundum. Það sést vel af því að erlendu félögin borga stærstan hluta kostnaðar við ferðir okkar fulltrúa.

CEPT-leyfi

Flest ríki Vestur-Evrópu viðurkenna nú svokölluð CEPT-leyfi radíóamatöra. CEPT er evrópsk samtök póst- og símamálastjórna sem hafa sett fram staðlað amatöraleyfi í nokkrum flokkum. Þegar þeirra ríkja, sem taka þátt í samstarfinu geta nýtt sín amatöraréttindi í öllum ríkjum sem aðilar eru að samstarfinu án þess að sækja um sérstakt leyfi. Þetta

þýðir t.d. að Dani getur farið til Bretlands og farið þar í loftið án þess að sækja um sérstakt leyfi til þess. Nokkuð er síðan að stjórn Í.R.A. óskaði þess að Íslendingar gerðust aðilar að þessu samstarfi. Vonir standa til að það verði fljótlega.

Lokaorð

Amatör-radíó er áhugamál sem oft fer hljótt og vitað er um marga mjög virka féлага þótt ekki heyrir þeir oft á böndunum eða sjáist í félagsheimilinu. Margir eldri félagar geta sagt frá mörgu og upprætt hina yngri og e.t.v. geta þeir

ungu gaukað að fróðleiksmolum um pakkaradíó og gervihnetti. Því hvet ég ýmsa góða og gegna félagsmenn sem sjaldan sjást á Fyrstugötu (þar stendur félagsheimilið) að líta inn eitthvert fimmtudagskvöldið, fá sér kók við vægu verði, líta í nýjustu amatörblöðin frá öllum heimsins hornum og láta ljós sitt skína á hina ungu fróðleikspyrstu. E.t.v. hitta menn líka gamla féлага, sem ekki hafa sést í áraraðir. Slíku kvöldi er vel varið enda er maður manns gaman.

73 de TF3UA

Skoðunarferð á Keflavíkurflugvöll

Í.R.A. efnir til skoðunarferðar á Keflavíkurflugvöll **laugardaginn 22. janúar**. Farið verður á einkabílum og lagt af stað **kl. 11 árdegis frá félagsheimilinu**. Þátttökugjald er kr. 500,- til að borga bensínkostnað þeirra sem aka. Ef afgangur verður rennur hann í húsjóð félagsins.

Þeir sem vilja geta hitt hópinn við vallahliðið kl. 12.00. (Aðalhlíðið nærri Hagkaup í Njarðvík) M.a. verður skoðuð Loran monitor

stöðin og parabolsku diskamir sem notaðir voru við veðrahvolfstvístur sambandið (e.troposcatter) til Grænlands og Hornafjarðar. Einnig verða raf-eindaverkstæði og fjarskiptastöð NATO skoðuð. Þátttaka skal tilkynnt í seinasta lagi fimmtudagskvöldið 20. janúar með einni af eftirtöldum leiðum:

- á lista í félagsheimilinu
- til TF3UA í vs. 694702 eða hs. 617017
- til TF3BJ í vs. 620222 eða á 2m

Félagsfundur um erlend samskipti

Stjórn Í.R.A. boðar hér með til félagsfundar um samskiptin við IARU og NRAU. Sem kunnugt er sótti IARU-tengiliður félagsins

fundi þessara samtaka sl. haust. Hann kemur á fundinn og greinir frá niðurstöðum fundanna.

Fundurinn verður haldinn í félagsheimilinu fimmtudaginn 20 janúar kl. 20.30.

Frá gjaldkera

Eins og félagar ÍRA hafa margir orðið varir við, hefur félagið gengið í gegnum eins konar breytingaskeið á undanförunum 1-2 árum. Ýmsum verkum hefur verið komið í framkvæmd sem löngu var orðið þörf á. Þar má nefna gagngera endurskoðun á lögum félagsins, samvinnu við Fjarskiptaeftirlitið um reglubundin A/T-próf og námsskeið fyrir þau og aðra vinnu sem ætla má að gagnist félaginu til lengri tíma. M.a. af þessum sökum dróst aðalfundur sl. árs eins og raun varð á.

Fyrirverandi gjaldkeri, Kjartan Bjarnason (TF3BJ) hefur lagt grunninn að vexti og viðgangi félagsins með því að hefja “grisjun” í félagatalinu og jafnframt því hefur verið gengið frá ýmsum uppsöfnuðum skuldum. Endurbótum í félagatalinu hef ég haldið áfram með sama hætti og Kjartan, m.a. með því að hafa samband við féлага sem ekkert hefur heyrzt frá um langan tíma. Þar kom í ljós að í sumum tilvikum höfðu gíróseðlar félagsins lent neðarlega í

skrifborðsskúffum hjá fólki og gleymzt eins og oft vill verða og í öðrum voru heimilisföng löngu úrelt. Þá voru aðrir sem sögðust hafa lagt allt radíóstúss á hilluna, a.m.k. í bili, og vildu því vera utan félagsins að sinni.

Með þessu blaði fylgir skrá yfir féлага í ÍRA. Ég óska eftir að verða látinn vita fljótlega um rangfærslur eða eyður í skránni, en upplýsingar úr henni eru m.a. sendar árlega til kallbókarinnar sem skráir alla radíóamatöra heimsbyggðarinnar. Enn fremur fylgja nú gíróseðlar blöðunum til þeirra sem ekki hafa greitt árgjaldið fyrir 1993, en það er 3000 kr. Þeir sem skulda eldri árgjöld að auki fá gíróseðla fyrir hærri upphæðum. Spurningum vegna greiðslu árgjalda svarar undirritaður (Kristinn Andersen, TF3KX, símar 50028 heima og 686858 vinnu).

Félagsmenn eru hvattir til að greiða árgjöld og koma á framfæri

Frh. bls. 12.

Phase 3-D

Seinni hluti

Nú loksins hafa hönnuðir Phase 3D fallist á nær alla hönnunar þætti geimfarssins. Það er orðið ljóst að hin umdeildi 2 metra sendir (Mode-B) verður smíðaður og hafður með eftir harða baráttu. Aðal hönnuðir P3D voru mót-fallnir því að hafa Mode-B en vegna mikils þrýstings frá Styrkjendum verkefnisins létu þeir undan og samþykktu sendinn. Hann verður smíðaður í Bretlandi. Þó er mikil vinna fyrir höndum, þá sérstaklega í hönnun búnaðar til að breyta afstöðu P3D (attitude control) en þar mun P3D nota GPS til að fá staðsetningu og stöðu gagnvart jörðinni. Smíði senda og móttakara miðar vel svo og smíði sjálfrar grindarinnar. Tölvukerfið er hannað og smíðað í Þýskalandi.

Allir sendar og viðtæki í P3D eru sjálfstæðar einingar sem taka inn eða skila frá sér 70Mhz IF sem er síðan tengt inn á tölvustýrða IF matrixu sem gerir stjórnendum P3D kleift að para saman hvaða móttakara sem er við hvaða sendi

sem er, einnig er hægt að tengja einn móttakara við tvo senda og öfugt. Þannig kallast Mode-B (70cm upp, 2m niður) og Mode-J (2m upp, 70 niður) nú Mode UV (Mode-B) og Mode VU (Mode-J). V stendur fyrir VHF og U fyrir UHF. Þannig heita böndin: 2m-V, 70cm-U, 23cm (1,2GHz)-L, 13cm (2,4)-S, 5cm (5,6GHz)-C 3cm (10.5 GHz)-X. V, U, S, X eru senditíðnir en V, U, L, C eru móttökutíðnir. T/R rofi er notaður til að skipta á milli RX/TX á 2m og 70cm. Sendir verður á 10m en hann er ekki transponder heldur verður hann notaður til að útvarpa upplýsingum um hnöttinn, hvaða ham (Mode) hann verður í o.s.frv. Loftnetin eru ekki af verri endanum. Það eru tvö pör af loftnetum fyrir sum böndin. Á botninum á gervihnettinum eru loftnet með mikilli mögnun en á hin bóginn eru óstefnuvirk loftnet. Óstefnuvirku loftnetin á 2m verður 1/4 (ground) plane en J-pole loftnet á 70cm svo dæmi séu tekin,

venjuleg mögnun á óstefnuvirku loftnetunum er um 2.5dBic. Stefnuvirku loftnetin munu vera allt upp í 25dBic. Hönnuðir P3D hafa verið í töluverðum vandræðum með loftnet á 10m og 2m. Tölvulíkon sýndu að tveggja elementa “X-beam” á 10m ylli minnstum truflunum við önnur loftnet og hefði nóga mögnun. Á 2m komu mörg loftnet til greina, til greina kom að nota 3-elementa beam eða lykkju í fullri stærð (full size loop), en líklegast þykir að loftnetið fyrir 2m verði 6 endafæddir dípólar. Þetta mun gefa mögnum upp á 12 dBic. Loftnet á 70cm og 24cm verða svokölluð “Patch”lofmet.”Patch”loftnet má lýsa sem ferningi úr leiðandi efni sem er um 1/2 bylgja á kant og er stutt fyrir ofan stærri flöt sem virkar sem reflector. Miðjan á ferningnum er tengd í jörð en fæðipunkturinn getur verið frá brúninni til miðju og ræður það sýndar viðnáminu. Þegar loftnetið er rétt fætt kemur góð hringpólun og eru þá brúnirnar virkar. Mögnun frá einu “Patch” loftneti er á bilinu 8.5-8.8dBic. Hægt er að stafla mörgum saman og gefa 7 “patch” loftnet um 16-19dBic. Þannig

verða notuð 7 elementa “Patch” loftnet á 70cm og 24cm.

Hægt verður að breyta afstöðu gervihnattarins gagnvart jörðinni. Þetta mun nást með notkun þriggja diska sem snúast, þannig verður búnaður til að breyta orkunni sem er í snúningi diskanna í snúningsorku sem notuð er til að hreyfa hnöttinn. Þetta mun gefa stjórnendum P3D möguleika að stjórna stöðu hnattarins gagnvart jörðinni á hverjum sporbaug. Þannig er ætlunin að þegar hnötturinn er sem næst jörðu munu lág-mögnunar loftnetin “sjást” en þegar hann fjarlægist munu há-mögnunar loftnetin sjást, þannig snúa alltaf einhver loftnet að jörðinni.

Phase 3-D verður með “vængi” sem þaktir eru með sólarrafhlöðum. Þetta stækkar heildarflöt sólarrafhlaða mjög mikið svo heildarorkan verður allt að 700W. Þetta gerir mönnum kleift að hafa sendana mun aflmeiri og hafa allt að tvo senda í gangi í einu. Til dæmis verður hinn umdeildi sendir á 2m um 300W samanborið við 40W á AO-13. Síðan verður 80W sendir á 10GHz (sendarnir í ASTRA

sjónvarpshnöttunum er 60W) sem fer út í 25dBic loftnet.

Hver sendir verður með sína eigin tölvu sem sér um að stjórna sendinum, þetta á ekki bara við senda heldur líka móttakara og önnur kerfi. Tölvan er alveg sjálfstæð og er hún tengd aðaltölvu P3D í gegnum LAN (Local Area Network) netkerfi þannig að aðaltölvan þarf ekki að hugsa um allar einingar í einu. Hún getur þá einbeitt sér að öðrum hlutum eins og afstöðubreytingu. Þrjár myndavélar verða á P3D tvær snúa að jörðinni, ein með víða linsu en hin með þrönga, hin snýr frá jörðu. Það var JAMSAT sem hannaði og smíðaði myndavélamar.

Ef allt fer að óskum ætti Phase 3-D að lyftast upp frá jörðu

í kringum 7 júlí 1996 í Ariane-AR502 eldflaug en það er tíma-setningin sem ESA (Euoruropean Space Agency) ákvað. Þetta er stuttur tími því enn á eftir að smíða og prófa marga hluti, þar á meðal 2m sendi, GPS afstöðubreytinga kerfi og fleira. Hönnuðir gervihnatta hafa oft verið nefndir regndansarar því þeir lifa oft í voninni að slæmt tíðarfar (rigning) seinki geimskotinu. Þannig væri það mikið áfall fyrir AMSAT ef tímalínunni væri ekki náð því það myndi kosta þá mikla peninga og það er nákvæmlega það sem þeir ekki hafa. Þannig heldur þessi mikli regndans áfram sem gæti leitt til mikillar byltingar í amatör radíói.

TF3BNT

Til sölu

Þorvaldur Stefánsson, TF 1 MM, hafði hringdi eftir áramótin frá Króatíu í undirritaðan. Megintilgangur símtalsins var að koma nokkru af tækjakosti Þorvaldar í sölu til íslenskra radíóamatöra. Þessi tæki eru, ásamt þeim verðum sem sett eru upp:

PCI-3000 HAL RTTY bretti í IBM-PC samhæfðar tölvur

(\$500)PCI-4000 HAL dover bretti í IBM-PC samhæfðar tölvur (\$900)

ICOM IC-751 sendiviðtæki, fullbúið (\$1000)

Þorvaldur benti réttilega á að öll eru verðin talsvert lægri en samsvarandi verð úr verzlun í Bandaríkjunum, að ekki sé minnzt á aukakostnað vegna tolla og Frh.bls. 11.

Dyrhólaey '93

Verslunamanna helgina 1993 var gerður út leiðangur meðal radióamatöra, áfangastaður var ekki endanlega ákveðin en stefnt var austur í land. Tveir staðir voru hafðir í huga; Reynisfjall og Dyrhólaey en mestar vonir voru bundnar við Dyrhólaey. Daginn áður en lagt var af stað var samt haft samband við staðarráðendur og var það úr að farið skyldi í Dyrhólaey.

Aðalleiðangursmenn voru fimm; 3BRT, 3BNT, 3GB, 3TXT, og TF3-067. Farartæki ferðarinnar var stór Ford econoline sem var í umslsjón 3BRT, bílstjóra ferðarinnar. Bíllinn var bókstaflega úttöðinn af farangri, m.a.; rorum og öðru efni fyrir mastur vegna gerfihnattarstöðvar, 1.5 km. jökla-vír, rafmagnskaplar, coaxkaplar, controlkaplar, rótorar, rafgeymar og rafstöðvar, ásamt tilheyrandi viðleigubúnaði, prímusum, mat o.fl.

Einnig var með í ferðinni TF3GC sem var í sínum húsbíl ásamt fjölskyldu.

.....opps ég gleymdi að nefna öll loftnetin og fjarskiptatækin, en það var rétt svo hægt að koma

þeim fyrir í bílnum.....við vorum að hugsa um að skilja þau eftir...hi..hi.

Í þessari ferð var gert ráð fyrir öllu þannig að tjöld, svefnpokar og rafstöð voru tekin með, við vorum til í allt.

Við notuðum bara helminginn af farangrinum....restin voru tjöldin prímusar og rafstöðin. Við fengum aðgang að vitahúsinu í eygni, reyndar höfðum við vitann alveg útaf fyrir okkur með eldunaraðstöðu, rafmagni, vatni og jafnvel síma.

Meiri lúxus var ekki hægt að hugsa sér, enda heppnaðist ferðin eftir því.

Fyrsti dagur fór alveg í það að koma sér fyrir Bjarni, 3GB, var reyndar fljótur að koma upp vírum og tækjum fyrir HF'ið en það var öllu meira mál að koma upp gerfihnattagræjunum.

Fyrst var sett upp roramastur sem hannað var og smíðað af Benna, 3BNT, settur var upp rótor, azimuth og elevation, ásamt þverbómu. Loftnetin voru; 38 el krossaður yagi á 432MHz og 18 el

krossaður yagi á 145MHz. Ekki gekk nú alveg áfallalaust að koma afli út í loftnetin þar sem FT-726 stöðin gaf ekki fullt afl út til magnara, og náð þar með ekki að drífa hann. Þá var reyndar fengin önnur stöð, FT-736 sem Kjartan, 3BJ lánaði, en sérlegur sendiboði hans var 3EET, Elli en hann kom með stöðina úr bænum daginn eftir, þeir eiga sérlegar þakkir skildar.

Eftir þetta brölt gátum við loksins komið okkur í loftið á AO-13mode-B. Samtals voru höfð 160 sambönd við 10-12 lönd. Operatorar á gerfihn. stöð voru 3BNT,3BRTog3TXT. Notuð var tölva í í eigu TF3EJ til brautar-útreikninga.

Einnig voru höfð nokkur”lo-cal” sambönd, þ.e. innanlands, og er þar fyrst að nefna samband til Keflavíkur á 435 MHz, og það á FM! Þarna hefur væntanlega verið um að ræða einhverskonar TROPO samband, en þarna var á báðum endum töluvert gain í loftnetum, og var hægt að stilla hæðarstefnu til að ná fram tropo. Sennilega hefur þessum árangri á 70cm ekki verið náð á Íslandi áður, sambandið var kl 14:32 2/8’93.

milli TF8ITT og TF3TXT/p (2). Það rétt náðist að tala í gegnum endurvarpann Pál, en það gekk mjög illa.

Hvað HF’ið varðar þá voru Bjarni, 3GB og Halldór, 3GC aðal operatorar. 3GC var með allar sínar græjur í húsbílnum sínum ásamt loftneti sem hann strekkti yfir í vitann. 3GB og reyndar Rúnar TF3-067 höfðu eitt herbergið í vitanum alveg út af fyrir sig og strekktu þaðan víra í allar áttir, hálfbylgjur á bæði 80 og 160 metrum, ásamt LW hlustunarávörum.

Þeir sem hafa látið sig dreyma um ELW (EXTRA Long Wire) c.a. 400 metra yfir 600-800 metra haf í Dyrhólaey þá var alls ekki veitt leyfi til þess vegna friðunar á svæðinu og ég geri ekki ráð fyrir að neinar undantekningar verði gerðar á því. Reyndar var það nú það sem heillaði okkur mest þegar hugmyndir um þennan stað vöknudu, en því miður.....

Annars þá var þetta mjög góður staður fyrir HF notkun enda hefur það komið fram í heimspresunni (RadCom) að Bjarni var með sterkari merkjum sem heyrðust á 160 metrunum

Þessa helgi. Bjarni notaði TS-820 ásamt heimasmíðuðum QRP sendi og tjúner, Bjarni náði u.þ.b. 160 samböndum.

Reyndar munaði minnstu að loftnetið hans á 160m yrði vericall því að ætlunin var að taka með í ferðina loftbelg en hætt var við það á síðustu stundu vegna tæknilegra ástæðna.

Tjúnerinn var nú reyndar ekki allveg fullkomin og gekk mjög illa að tjúna 160m netið. Þá var bara um eitt að ræða, lengja í spólunni, þá var bara tekið næsta vatnsrör sem var akkúrat af rétttri stærð og vafið utanum það,...ergo, TF3GB kominn á spjöld sögunar

Frh. af bls. 8 Til sölu.

virðisaukaskatts. Hann sagðist geta komið tækjunum til Íslands sjálfur. Þorvaldur kvaðst geta selt tækin þar ytra, en vilja gefa Íslendingum kost á þeim fyrst. Þeir sem hafa áhuga geta hringt beint í Þorvald í heimasíma 385-41-159301 eða haft samband við Kristin, TF3KX, í sínum 50028 (heima) og 686858 (vinnu).

Að öðru leyti lét Þorvaldur bærilega af sér en hann starfar, eins og margir félagar ÍRA vita, fyrir

(RadCom).


Það er nokkuð ljóst að ferðalag sem þetta verður endurtekið og væri gaman að stefna á það að heimsækja fleiri vita á landinu þar sem hugsanlega væri hægt að notfæra sér rafmagn og húsaskjól en auðvitað er gott að vera við öllu búinn.

Að síðustu vil ég, fyrir hönd leiðangursmanna, þakka Stefáni Gunnarssyni bónda að bænum Dyrhólum, fyrir að veita okkur leyfi til að dvelja í vitanum (eða kannski öllu heldur að fá að leggja undir okkur vitann heila helgi).

TF3TXT

Sameinuðu þjóðirnar í ríkjum fyrverandi Júgóslavíu. Ástandið kvað hann sízt fara batnandi í þessum stríðshrjáðu löndum. Nýlega fór hann yfir til Albaníu sem er tiltölulega nýkomin á kort radióamatöra, en þar er fátæktin gríðarleg eins og sézt hefur í fréttum hér. Þorvaldur bað fyrir kærar kveðjur heim til Íslands.

73-Kiddi,TF3KX



Frh. af bls. 5. Frá gjaldkera.

leiðréttingum í félagaskrána á næstu dögum. Munið að skil á árgjöldum félagsins eru skilyrði fyrir fundarsetu á aðalfundi. Sjáumst á aðalfundinum í febrúar!

73-Kiddi, TF3KX

Orðsending Frá QSL Manager

Þeir sem hafa QSL-dagbækur frá klúbbstöðinni TF3IRA eru vinsamlegast beðnir að skila þeim til Rúnars TF3067 eða koma við á fimmtudagskvöldum upp í félag, og láta hann fá bækurnar SEM ALLRA FYRST.

Þeir sem nota klúbbstöðina eru beðnir að skrifa nafn sem þeir nota í loftinu.

'73 TF3067

QSL Manager fyrir TF3IRA

Janúar 1994 I.Tbl. 12. Árgangur

Útgefandi: Íslenskir

Radíóamatörar (ÍRA)

Stofnað 14. ágúst 1946.

Pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Reynisson, TF3BRT

ÍRA er hið íslenska aðildarfélag

að IARU, IARU Region 1 og

NARU

Utanlands

Útlendinganetið á 14,330 MHz

kl. 12:00 á laugardögum og

sunnudögum.

80m innanlands

Innanlandstíðnin 3633 kHz, CW

og SSB, einkum frá kl.18:00.

Stuttbylgjuviðtæki

Óskast til kaups

Óska eftir að kaupa gamalt

stuttbylgjuviðtæki, sem nær helst

öllu stuttbylgjusviðinu. Vinsam-

lega hafið samband við Baldur

Alfredsson í síma 666 331